



Íslensku landsliðsmennirnir í knattspyrnu voru léttir í bragði sem ein liðsheild þegar þeir æfðu á Laugardalsvelli í gær. Það er þessi liðsheild sem hefur skilað því að í kvöld getur Ísland gulltryggt þátttökurétt sinn á HM í Rússlandi næsta sumar með sigri á Kósovó í lokaleik I-riðils. Söguleg stund er í farvatninu og örlögin eru í okkar höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Friðland Þjósárvera fjórfaldað að stærð

Flatarmál friðlandsins í Þjósárverum, sem fyrst voru friðlýst árið 1981, fjórfaldast í dag. Löngu tímabært, segir formaður Landverndar. Friðlandið stækkar úr 358 ferkílómetrum í 1.563 ferkílómetra.

NÁTTÚRUVERNÐ Friðlandið í Þjósárverum verður stækkað í dag. Verður það gert með því að umhverfis- og auðlindaráðherra undirrita auglýsingu þess efnis. Hið nýja friðland verður tæpir 1.563 ferkílómetrar að stærð. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Tillaga að mörkum og friðlýsingarskilmálum stækkaðs friðlands Þjósárvera var auglýst til kynningar í upphafi júlímánaðar. Frestur til að skila inn athugasemdum rann

út 3. október síðastliðinn. Um var að ræða skilmála og afmörkun sem komist var að samkomulagi um við sveitarfélög á svæðinu vorið 2013. Í júní sama ár stóð til að þáverandi umhverfisráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, undirritaði auglýsingu en hann hætti við eftir að bréf barst frá forstjóra Landsvirkjunar um að farið yrði með málið fyrir dómstóla yrði af undirrituninni.

„Þetta er barátta sem staðið hefur yfir í 45 ár. Þetta byrjaði í Gnúpverja-

hreppi árið 1972 með fundi sem faðir minn og Birgir Sigurðsson stóðu fyrir,“ segir Sigþrúður Jónsdóttir, formaður Vina Þjósárvera.

„Síðasta uppþotið var árið 2001 þegar keyra átti Norðlingaölduveitu í gegn. Þetta hefur verið hark á köflum, sérstaklega fyrstu árin. Við þurftum að kæra hitt og þetta og gera alls kyns kúnstir,“ segir Sigþrúður.

„Þetta hefur verið baráttumál í áratugi og er löngu, löngu, löngu tímabært enda er svæðið eitt af

krúnudjásnum Íslands,“ segir Snæbjörn Guðmundsson, formaður Landverndar. „Allt hið einstaka við hálendi Íslands er þarna saman- komið. Undirritunin er vonandi lokapunkturinn í að vernda svæðið algjörlega og losna við allar virkjana- hugmyndir.“

Þjósárver voru fyrst friðlýst árið 1981. Núverandi friðland er tæpir 358 ferkílómetrar. Friðlandið mun því rúmlega fjórfaldast að flatarmáli. –joe

Mikið spurt um flug til Rússlands

SAMFÉLAG Íslendingar eru þegar farnir að sýna mikinn áhuga á og spyrjast fyrir um ferðir til Rússlands næsta sumar hjá Icelandair.

„Við höfum fengið fyrirspurnir og greinilega eru margir að velja þessu fyrir sér,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Icelandair. Hann segir þó flugfélagið ætla að fara að ráðum Heimis Hallgrímssonar landsliðsþjálfara og biða og sjá hvað verður áður en undirbúningur hefst að gerð loftbrúar í íslensku fánalitunum yfir til Rússlands.



– smj / sjá síðu 2

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson skrifar opið bréf til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. **11**

SPORT Aron Einar Gunnarsson, fyrirlíði karlalandsliðsins í fót- bolta, leikur sinn 75. landsleik í dag og er klár í slaginn. **18**

LÍFID Nýjar upplýsingar settu allt á hliðina við gerð þáttaraðarinnar Leitinn að upp- runanum. **26**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK
● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Kringlan

KRINGLU KAST
5.-9. OKT.


20-50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SMÁRALIND

KAUPHLAUP
SPRETTINUM LÝKUR Í DAG

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
OPIÐ TIL 19 Í KVÖLD

Veður



Suðlæg átt á morgun, víða 3-8 m/s. Rigning sunnan til fyrripartinn, en um landið norðanvert síðdegis. Rigning á köflum syðra þegar liður á daginn og hiti yfirleitt á bilinu 4 til 9 stig. **SJÁ SÍÐU 18**

Sjáandi dæmdur fyrir skattsvik

BANDARÍKIN Bandarísk kona á fimmtugsaldri játaði í liðinni viku að hafa stungið rúmlega 3,5 milljónum dollara undan skatti. Konan hafði komist yfir féð með því að vera tengiliður við framliðna auk þess að bjóða upp á að hreinsa hús af yfirnáttúrulegum verum.

Saksóknari í Boston segir að konan, Sally Ann Johnson, hafi á sjö ára tímabili selt gamalli konu þessa þjónustu sína gegn greiðslu alls 3,5 milljóna dollara. Konan var hrædd um að ýmsir djöflar og kynjaverur væru í hýbýlum sínum.

Johnson gaf féð ekki upp til skatts og braut með því gegn skattalöggjöf ríkisins. Þingfesting var í málinu í liðinni viku og játaði Johnson brot sín. Hún hyggst endurgreiða konunni féð. Dómur verður kveðinn upp í málinu í janúar. – jõe

Miðflokkurinn stofnaður



Fjölmennt var á stofnfundi Miðflokksins í Rúgbrauðsgerðinni í Borgartúni í gær. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði í ræðu sinni að meðal þeirra málefna sem flokkurinn ætli að setja á oddinn væru málefni eldri borgara, endurskipulagning fjármálakerfisins og bygging nýs Landspítala. Sigmundur sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að framboðslistar flokksins yrðu kynntir í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Við Stóru-Laxá. MYND/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

Leggjast gegn virkjun Stóru-Laxár

ORKUMÁL „Það er yfirlýst stefna og vilji sveitarstjórnar að náttúrufergund og sérstafa vatnasviðs Stóru-Laxár og hinna einstöku Laxárgljúfra verði í engu ógnað og leggst því alfarið gegn útgáfu rannsóknarleyfis,“ segir sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Þetta kemur fram í svari Hrunamannahrepps við erindi Orkustofnunar sem vildi fá afstöðu sveitarstjórnarinnar til veitingar

rannsóknarleyfis fyrir Landsvirkjun vegna áætlana um mögulega virkjun á efsta vatnasviði Stóru-Laxár.

„Um er að ræða endurnýjun á rannsóknarleyfi sem rann út í lok árs 2016. Sveitarstjórn telur að framkvæmd sem þessi hafi neikvæð áhrif á ósnortna náttúru svæðisins sem og á veiði- og vatnasvið Stóru-Laxár,“ segir í fundargerð sveitarstjórnarinnar. – gar

Íslendingar þegar farnir að líta til Rússlands

Mikill áhugi er hjá Íslendingum á flugferðum til Rússlands nú þegar íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er hársbreidd frá HM á næsta ári. Verður öðruvísi ferðalag en til Frakklands. KSÍ fær rúman milljarð komist Ísland á mótið.

SAMFÉLAG Íslendingar eru þegar farnir að spyrjast fyrir um ferðir til Rússlands næsta sumar til að upplifa HM-drauminn fari svo að karlalandsliðið í knattspyrnu gulltryggi sér farseðilinn þangað í kvöld.

„Það er alveg augljóst að það er mikill áhugi,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Ícelandair. „Við höfum fengið fyrirspurnir og greinilega eru margir að velja þessu fyrir sér.“

Eftir frækinn sigur á Tyrkjum á föstudagskvöld er íslenska landsliðið aðeins 90 mínútum og einum sigurleik gegn botnliði Kósovó frá því að tryggja sér þátttökurétt á HM í Rússlandi næsta sumar. Minnugir ævintýranna á EM í Frakklandi síðasta sumar eru greinilega margir Íslendingar reiðubúnir að endurtaka leikinn, þó ótímabært sé.

Guðjón bendir á að enn sé ekki ljóst hvar Ísland muni leika ef allt fer á besta veg, leikið verði í ellefu borgum í Rússlandi sem sé gríðarstórt land og margra klukkustunda langt flug milli sumra borganna sem leikið verður í.

Á síðasta ári var gríðarlegt álag á flugfélögunum vegna Frakklandsferða íslenskra knattspyrnuáhugamanna. Guðjón segir Rússland almennt ekki vinsælan áfangastað hjá hinum almenna íslenska ferðamanni, en er Ícelandair reynslunni ríkari eftir ævintýrið í Frakklandi og eitthvað byrjað að leggja grunn að undirbúningi fyrir HM?

„Við förum að ráðum landsliðsþjálfarans og öndum með nefinu þangað til eftir leikinn.“

Í fyrra leituðu Íslendingar ýmissa leiða til að komast til Frakklands og



Mörg þúsund Íslendingar eiga ógleymanlegar minningar frá EM í Frakklandi. Áhuginn á HM í Rússlandi verður engu síðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við höfum fengið fyrirspurnir og greinilega eru margir að velja þessu fyrir sér.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Ícelandair



alengt var að fólk flygi hvert sem er til meginlands Evrópu og keyrði síðan yfir til Frakklands. Hætt er við að það verði ekki eins þægilegt þegar Rússland á í hlut.

Spennustigið er hátt fyrir leikinn gegn Kósovó í kvöld. Það yrði ekki aðeins ótrúlegur árangur og heiður að komast á stærsta íþróttasvið veraldar, það eru umtalsverðar peningaupphæðir í spilinu. KSÍ á nefnilega von á að fá rúmlega milljarð króna í verðlaunafé frá FIFA bara fyrir að taka þátt, hvernig sem fer. mikael@frettabladid.is

Rafvirkjar

LED rakapétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM



www.kia.com

Þvílíkt ferðalag



SPORTAGE



Klárur þetta með stæl í kvöld. Áfram Ísland!

The Power to Surprise



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Orkuveitan greiðir milljónir á mánuði í leigu á auðu rými

REYKJAVÍK Orkuveita Reykjavíkur greiðir um 3,4 milljónir króna á mánuði í leigu fyrir þá fermetra sem standa nú auðir og ónotaðir vegna rakaskemmda í vesturhúsi höfuðstöðva fyrirtækisins. Leigusalinna hefur ekkert slegið af leigunni en forsvarsmenn OR kanna nú stöðu sína í von um að fá afslátt.

Í janúar síðastliðnum var vesturhúsið rýmt vegna raka og myglu sem farin var að hafa áhrif á starfsfólk og samhlíða því hófust tilraunavið-

gerðir. Sem kunnugt er skilðu þær ekki viðunandi árangri.

OR seldi fasteignir sínar að Bæjarhálsi 1 til Foss fasteignafélags í lok árs 2013 og gerði leigusamning til 20 ára. OR greiðir 223,9 milljónir króna á ári í leigu, fyrstu 10 ár leigusamningsins eða um 18,6 milljónir á mánuði.

Allar fasteignirnar að Bæjarhálsi 1 eru um 22 þúsund fermetrar. Flatarmál skrifstofuhluta vesturhússins, sem nú stendur auður, er um 4

þúsund fermetrar. Miðað við þetta er OR því að greiða um 845 krónur á hvern fermetra á mánuði í leigu eða tæpar 3,4 milljónir á mánuði fyrir hið auða vesturhús.

Ingvar Stefánsson, fjármálastjóri Orkuveitunnar, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að enn sé verið að greiða leigu af vesturhúsinu en að verið sé að skoða leiðir til að fá slegið af leigunni í ljósi ástandsins.

„Við erum að kanna okkar stöðu í þeim efnum.“



Við erum að kanna okkar stöðu í þeim efnum

Ingvar Stefánsson, fjármálastjóri Orkuveitu Reykjavíkur



Þá rúmu sjö mánuði síðan vesturhúsið var rýmt hefur OR samkvæmt þessum útreikningum greitt tæpar 24 milljónir króna í leigu fyrir auða rýmið. Á ári gera það rúmar 40 milljónir króna.

Alls hefur Orkuveitan greitt um 900 milljónir króna í leigu til Foss síðan fasteignafélagið keypti húsin á 5,1 milljarð. Á móti kemur að fyrirtækið hefur ávaxtað þennan 5,1 milljarð sem fékkst með sölunni um 1,2 milljarða á sama tíma. – smj

Íhuga lögbann á gjaldtöku

NÁTTÚRUVERNÐ Forsvarsmenn H-fossa ehf. Sem leigja land í hluta landsins Hraunás gengt Hraunfossu höfuðgjaldtöku á bílastæði við fossana á föstudag og ætla að halda gjaldtökunni til streitu, þó að Umhverfisstofnun ætli að krefjast lögbanns á gjaldtökuna og dagsektu.

Akvörðunin er tekin í andstöðu nágranna og yfirvalda og kallaði Umhverfisstofnun lögreglu og Vega-gerðina til á föstudag og í gær til þess að koma í fyrir gjaldtökuna.

„Þetta gengur í berhögg við lög um náttúruvernd,“ sagði Ólafur Arnar Jónsson, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun í fréttum Stöðvar 2. H-foss ehf. telur stofnunina ekki hafa lögsögu yfir svæðinu. Það mun koma í ljós í vikunni til hvaða aðgerða Umhverfisstofnun mun grípa. – kj

Varaforsetinn rauk á dyr

BANDARÍKIN Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, yfirgaf leik San Francisco 49ers og Indianapolis Colts í NFL-deildinni í gær eftir að hópur leikmanna 49ers kraup undir þjóðsöngnum.

Leikmenn NFL-deildarinnar hafa undanfarið mótmælt kynþáttamismunum með þessum hætti við litla hrifningu íhaldsmanna.

„Ég yfirgaf leikinn því hvorki ég né forsetinn munum heiðra nokkra samkomu sem sýnir hermönnum okkar, fána eða þjóðsöng slíka óvirðingu.“

Trump segist hafa fyriskipað Pence að yfirgefa leikvanginn ef til þessa kæmi og kvaðst stoltur af honum. – smj



Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna

Sjúklingar fluttir suður vegna læknaskorts á Norðurlandi

Dæmi eru um að sjúklingar séu fluttir með sjúkraflugi til Reykjavíkur vegna skorts á sérgreinalæknum á Akureyri. Enginn háls-, nef- og eyrnalæknir verður á vakt þessa viku. Tveir slíkir læknar er í hlutastörfum á sjúkrahúsinu á Akureyri en starfa annars á eigin stofum sem eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands.

HEILBRIGÐISMÁL Skortur á sérfræðilæknum á Akureyri veldur því að fólk þarf að leggja inn á Landspítalann í Reykjavík. Sjúklingar eru því fluttir með sjúkraflugi suður til Reykjavíkur.

Fyrir helgi var sjúklingur á Akureyri fluttur til Reykjavíkur með sýkingu í eyra vegna svæsinna eyrnabólgu. Þar sem enginn háls-, nef- og eyrnalæknir er á kvöld- og helgarvöktum á Sjúkrahúsinu á Akureyri þurfti að flytja sjúklinginn með flugi til Reykjavíkur með tilheyrandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga við Sjúkrahúsið á Akureyri, segir að árið 2010 hafi verið tekin ákvörðun um að háls-, nef- og eyrnalæknar hættu að ganga vaktir við sjúkrahúsið. Nú séu tveir læknar með þessa menntun á svæðinu og séu þeir báðir í hlutastörfum við sjúkrahúsið. Báðir vinni þeir utan sjúkrahússins á einkastofu með samning við Sjúkratryggingar Íslands.

„Það er mikil binding fyrir tvo einstaklinga að ganga vaktir annan hvern dag allan ársins hring,“ segir Sigurður. „Það hefur verið hægt að hringja í þá ef þeir eru á staðnum og þá koma þeir oftast. Hins vegar hefur það gerst líka að það sé enginn á staðnum og því þarf að flytja sjúklinga til Reykjavíkur ef það má ekki bíða. Nú er það þannig að enginn sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum er á svæðinu og verður ekki í einhverja daga í viðbót,“ bætir Sigurður við.

Enginn sérfræðilæknir sótti um ellefu stöður sem sjúkrahúsið auglýsti lausar vorið 2015. Við það tilefni



Enginn sérfræðingur sótti um ellefu stöður sem sjúkrahúsið á Akureyri auglýsti lausar vorið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nú er það þannig að enginn sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum er á svæðinu.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga við Sjúkrahúsið á Akureyri



■ Fjöldi sjúkrafluga

2011	457 flug
2012	452 flug
2013	467 flug
2014	539 flug
2015	599 flug
2016	671 flug

sagði Sigurður að erfiðlega gengi að ráða sérgreinalækna utan höfuðborgarsvæðisins og vonast væri eftir því að útlendingar kæmu til starfa til að leysa þá stöðu sem var uppi.

Yrði hægt að manna lausar stöður nýrðra myndi það bæði minnka álagið á sjúkraflug Mýflugs sem og álagið á Landspítalanum í Reykjavík, að því ógleymdu hve þægilegra það er fyrir sjúklinga að geta fengið umönnun í heimabyggð.

sveinn@frettabladid.is



5ÁRA
ÁBYRGÐ

FIAT BÍLASÝNING LAUGARDAGINN 14. OKTÓBER. OPIÐ 12-17

Í OKTÓBER FYLGIR NÝJUM FIAT VEGLEGUR VETRARPAKKI: VETRARDEKK, GÚMMÍMOTTUR OG TVÆR ÞJÓNUSTUSKOÐANIR
FIAT 500X: VERÐ FRÁ: 3.990.000 KR.



fiat.is

HAPPY BIRTHDAY JOHN AND SEAN!

John, you are still with us and giving us wisdom and happiness when it's much needed.

Yoko Ono býður gestum til Viðeyjar 9. október til að vera viðstaddir þegar kveikt verður á Friðarsúlunni.

Fríar ferðir frá Skarfabakka frá kl. 18.00.

Ljósíð verður tendrað kl. 21.00.

Yoko Ono invites you to Videy Island to take part in the lighting of IMAGINE PEACE TOWER.

Free ferry from Skarfabakka from 6pm.

The lighting will take place at 9pm.

i ii iii

I love you all,

yoko



VW Passat GTE

Variant 1.4 TSI Plug-in-hybrid

2016

Ekinn **10.000**

4.590.000 KR



Raf / Bensín



Ekinn þús. km.

30

Myndir á vef



Dísil



Fjór hjóladrif

4x4

Metan & bensín

ECO

Sjálfskiptur

A

Beinskiptur



Rafmagnsbíll



Vistvænir og sparandi

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



VW e-Golf

Rafmagn 85kW

2015

2.890.000 KR

45



A



VW e-Golf Premium

Rafmagn 85kW

2015

3.670.000 KR

25



A



VW Golf Variant Highline

1.4 TGI Bensín/Metan

2016

3.370.000 KR

22



A

ECO



VW Golf Comfortline

1.4 TGI Bensín/Metan

2016

3.190.000 KR

7



A

ECO



VW Passat Variant

Compl. 1.4 Bensín/Metan

2014

2.990.000 KR

49



A

ECO

TILBOÐ **2.390.000** KR



VW Passat Limo

Highline 1.4 Bensín/Metan

2011

2.390.000 KR

56



A

ECO

TILBOÐ **1.990.000** KR

NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



Volkswagen



SKODA



MITSUBISHI MOTORS



GRECO beinir nú augum sínum að forseta Íslands, ráðherrum og ráðuneytisstjórum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Æðstu ráðamenn til skoðunar hjá GRECO

Samtök Evrópuríkja gegn spillingu skoða æðstu ráðamenn Íslands og löggæsluyfirvöld í yfirstandandi úttekt GRECO á spillingu. Sendinefnd samtakanna var á landinu í síðustu viku. Skýrsla GRECO ekki væntanleg fyrr en á vormánuðum.

STJÓRNSÝSLA Sendinefnd GRECO – samtaka ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu, var í vettvangsferð hér á landi í tilefni fimmtu úttektar samtakanna á Íslandi. Að þessu sinni beinir GRECO athygli sinni að spillingu, annars vegar meðal valdhafa; forseta, ráðherra, ráðuneytisstjóra og annarra handhafa æðstu embætta og hins vegar í löggæslunni; lögreglu, Landhelgisgæslunni og tollgæslunni.

Vegna úttektarinnar hafa stjórnvöld svarað ítarlegum spurningalistum GRECO. Dómsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið tóku svörin saman en þau hafa enn ekki verið gerð opinber.

Meðal þess sem spurt er um er lagaleg ábyrgð æðstu embættismanna samkvæmt lögum og stjórnarskrá, hverjir skipi í æðstu embætti; hvernig starfslokum sé háttáð, laun og fríðindi og gegnsæi þar að lútandi, reglur sem settar hafa verið til að koma í veg fyrir spillingu, hvernig þeim sé beitt og hver hafi eftirlit með framkvæmd þeirra; hvernig skráningu fjárhagslegra hagsmuna sé háttáð, hvort fjárhagslegir hagsmunir maka og fjölskyldumeðlima séu einnig tilteknir, hver hafi eftirlit með skráningunni, hvernig aðgengi að þessum upplýs-

Framkvæmdar úttektir GRECO

1. Sjálfstæði, sérhæfing og hæfi þeirra sem starfa við að rannsaka og koma í veg fyrir spillingu. (2000)
2. Opinber stjórnýsla og lögaðilar; tengsl spillingar, skipulagðrar glæpastarfsemi og peningabættis. (2003)
3. Löggjöf um spillingu og refsingarnæmi spillingar og tengdrar háttsemi; gegnsæi í fjármálum stjórnmalaflokka. (2007)
4. Alþingi, dómskerfi, ákærvald. (2012)

ingum sé háttáð; spurt er um möguleg áhrif hagsmunaaðila og þrýstihópa á lagasetningu og ákvarðanir æðstu ráðamanna; hversu gegnsæ samskipti hagsmunaaðila, (eða svokallaðra löbbýista) og æðstu ráðamanna eru; hvort hömlur séu settar á þátttöku ráðherra í viðskiptalífi og einkarekstri sem gæti haft áhrif á ákvörðunartöku þeirra, hvort spornað sé við misnotkun á trúnaðarupplýsingum, hvernig fríðhelgi æðstu ráðamenn ríkisins njóti.

Um starfsemi löggæslunnar er til dæmis spurt hvort fyrir hendi

sé sérstök stefna um varnir gegn spillingu innan löggæslufirvalda, hvernig hún sé framkvæmd og hvaða stofnun beri ábyrgð á framkvæmdinni; hvernig samskiptum við þriðju aðila sé háttáð, svo sem heimildarmenn og vitni; hvort sérstakar rannsóknarnefndir séu fyrir hendi innan löggæslunnar sem hafi eftirlit með háttsemi sem talist gæti spillt og hvernig spornað sé gegn misnotkun trúnaðarupplýsinga

Spurt er um aðgengi fjölmiðla að upplýsingum, hvernig vernd upplýstrara sé tryggð, hvort og hvernig keruleiðir fyrir borgara séu tryggðar og fleira.

Þá er óskað upplýsinga um mál og tölulegar upplýsingar rannsókna og dóma í spillingarmálum á sviði úttektarinnar.

Sendinefndin var hér á landi alla síðustu viku og fundaði með fulltrúum ýmissa stofnana, frjálsra félagsamtaka og fjölmiðla til að fá sem heillegasta mynd af stöðu spillingar meðal æðstu valdhafa ríkisins og löggæslunnar.

Starfslið GRECO hefur gjarnan tekið sér nokkra mánuði til úrvinnslu og skýrslu um yfirstandandi úttekt er ekki að vænta fyrr en á vormánuðum næsta árs.

adalheidur@frettabladid.is

Fjölmenn ganga sambandssinna

SPÁNN 350 þúsund manns hið minnsta komu saman á götum Barcelona, höfuðborgar Katalóníu, í gær til að krefjast þess að héraðið yrði áfram hluti af Spáni. Héraðsstjórn Katalóníu hefur látið í veðri vaka að héraðið myndi lýsa yfir sjálfstæði í vikunni.

Fyrir viku fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla í héraðinu þar sem spurt var hvort lýsa ætti yfir sjálfstæði þess. Spánverjar töldu atkvæðagreiðsluna ólöglega og gripu til harkalegra aðgerða til að koma í veg fyrir hana.

Í kjölfar kosninganna fóru fram kröfugöngur sjálfstæðissinna og sambandssinna. Kröfugangan í gær var fjölmennasta ganga þeirra síðar-



Fólkíð söng ættjarðarsöngva og hrópaði slagorð gegn aðskilnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

nefndu hingað til en lögregla í Barcelona segir að minnst 350 þúsund hafi mætt. Skipuleggjendur viðburðarins segja hins vegar að tæplega milljón hafi mætt í gönguna. Sambærilegar

göngur fóru fram í öðrum borgum víðsvegar um Spán.

Carles Puigdemont, héraðsstjóri Katalóníu, sagði í síðustu viku að héraðið myndi lýsa yfir sjálfstæði í þessari viku. Stjórnlagadómstóll Spánar setti í liðinni viku lögbann á að þingfundurinn, þar sem fyrirhugað er að samþykkja sjálfstæði, gæti farið fram. Katalónsk stjórnvöld hafa látið lögbannið sem vind um eyru þjóta og ætla að halda fundinn á morgun.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, lýsti því yfir að Spánn úti-lokaði engar aðgerðir „innan ramma laga landsins“ til að koma í veg fyrir sjálfstæði Katalóníu. – jõe




NORÐURÁL

Við viljum halda ferðalaginu áfram

Næstu áratugi verða allar þjóðir heims að leggja sitt af mörkum til að halda áhrifum mannsins á umhverfi og veðurfar í lágmarki. Við viljum halda áfram að gera nýja og spennandi hluti, ferðast, læra og njóta lífsins.

Léttari farþegaþotur nota minna eldsneyti og skilja því minna eftir sig af CO₂ í andrúmsloftinu. Í flugvélahönnun er unnið markvisst að því að nota ál í stað þyngri málma og plastefna til að léttu samgöngur heimsins. Framlag Íslands er tæp 2% alls áls í heiminum: hreint hágæðaál, unnið með bestu tækni sem völ er á og með umhverfisvænni íslenskri orku.



HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í VINNUNNI?

Ábyrgð stjórnenda og starfsfólks á andlegri líðan á vinnustað

Morgunfundur VIRK og Geðhjálp um geðheilbrigði á vinnustöðum
Grand Hótel 10. október kl. 8.30-10.30

FUNDARSTJÓRI **Sirry Arnardóttir**

DAGSKRÁ

- ▶ **ÁVARP**
Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra
- ▶ **ERTU KOMINN Í ÞROT?**
Linda Bára Lýðsdóttir, sviðstjóri hjá VIRK
- ▶ **HÚMOR OG GLEÐI Í VINNUNNI ERU DAUÐANS ALVARA**
Edda Björgvinsdóttir, leikkona og fyrirlesari
- ▶ **REYNSLUSAGA**
Sveinn Þorsteinsson
- ▶ **VERT ÞÚ FYRIRMYND**
Bára Hildur Jóhannsdóttir, deildarstjóri á mannauðssviði Landsspítala
- ▶ **REYNSLUSAGA**
Margrét Marteinsdóttir
- ▶ **SAMANTEKT FUNDARSTJÓRA**

AÐGANGUR ÓKEYPIS
en skrá skal þátttöku á virk.is



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



Allt gekk á afturfótunum hjá Theresu May á landsþinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þrýst á May að birta skjal um afturköllun á útgöngu

BRETLAND Undanfarna daga hefur verið þrýst á Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, að gera opinbert lagalegt minnisblað varðandi mögulega afturköllun á útgöngu Breta úr Evrópusambandinu (ESB). Ólga vegna útgöngunnar fer vaxandi í kjölfar fréttu þess efnis að samningaviðræður við sambandið gangi illa.

Talið er að innihald minnisblaðsins sé á þann veg að ríkisstjórn Bretlands geti hætt við útgöngu fyrir mars 2019 ef þingmenn telja að það þjóni hagsmunum landsins best. Minnisblaðið var gert af mörgum af lögfróðustu mönnum landsins.

Í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar í fyrra hafa samningaviðræður staðið yfir milli Breta og ESB. Lítið hefur þokast í þeim. Ríkisstjórn landsins hefur staðið hörd á því að Bretar verði að taka þeim samningi sem býðst, þó hann sé slæmur, eða þá sætta sig við engan samning.

Stór fyrirtæki í landinu eru ugðandi yfir stöðunni og sömuleiðis stór hluti þingmanna. Hafa einhverjir notað orðið „kamikaze“ yfir nálgun stjórnarinnar en orðið

» Minnisblaðið fjallar um að ef meirihluti þingmanna telur það þjóna hagsmunum Bretlands, þá sé hægt að hætta við útgöngu úr ESB.

var notað yfir sjálfsvígslugmenn Japana í síðari heimsstyrjöldinni. Frammistaða forsætisráðherra á landsþingi Íhaldsflokksins í liðinni viku var ekki til að bæta úr skák en þar gekk flest á afturfótunum.

Deilurnar virðast hafa áhrif á ríkisstjórnina því hávær orðrómur er uppi um að sæti ýmissa ráðherra séu í hættu vegna þessa. Meðal þeirra sem hafa verið nefndir í því sambandi er utanríkisráðherrann Boris Johnson sem sakaður var um að hafa grafið undan May í aðdraganda landsfundarins.

Staðan hafði neikvæð áhrif á gengi pundins í liðinni viku en það féll um þrjú prósentustig. – jõe



ALVÖRU ATVINNUBÍLL

Dacia Dokker

VERÐ: **2.390.000 Kr.**

VERÐ ÁN VSK: **1.927.419 Kr.**

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





ECONOMY FLEX

Sveigðu ferðina til

Sveigjanleiki getur verið ómetanlegur. Stundum eru fáeinir aukadagar með ástvinum það dýrmætasta sem til er. Það er auðveldara að lengja og stytta ferðina á Economy Flex.

ICELANDAIR 

SKOÐUN

Blindskák



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Fyrir níu árum runnu íslensku bankarnir á rassinn og lentu á íslenska þjóðarbúinu og almenningi af fullum þunga. Þetta voru erfiðir tímar en frá því þessi holskefla gekk yfir hefur margt breyst til hins betra í íslensku samfélagi. Stærsta breytingin er eflaust fólgin í því að Íslendingar sætta sig ekki lengur við vafasamt siðferði og leyndarhyggju í þágu sérhagsmunaafila. Stjórnmalamönnum hefur ekki gengið alveg jafn vel að átta sig á þessu.

Fjölmiðlar hafa líka breyst á þessum tíma og þeir gegna mikilvægu hlutverki í þessu ferli með upplýsingagjöf, meðal annars um mögulega hagsmunarekstra, og veita almenningi þekkingu til þess að veita og meta bæði menn og málefni. Það er því afleitt að fylgjast með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra kenna fjölmiðlum um ófarir sínar í vikunni. Tilefnið var eins og allir vita umfjöllun Stundarinnar og Reykjavík Media í samstarfi við breska blaðið The Guardian um sölu eigna í Sjóði 9 innan Glitnis skömmu fyrir hrun. Tilgangur fréttaskýringarinnar var að miðla upplýsingum til almennings sem Bjarni hafði áður haft næg tækifæri til þess að koma sjálfur á framfæri.

Þessar upplýsingar eiga erindi til almennings í ljósi þeirrar ábyrgðarstöðu sem Bjarni Benediktsson gegnir í samfélaginu og hefur gert í mörg ár sem þingmaður en ekki aðeins sem ráðherra. Það er fyrir vikið enn verra að sjá Bjarna Benediktsson gagnrýna fréttalutning Stundarinnar á Facebook-síðu sinni með því að taka setningu úr frétt blaðsins og klippa aftan af henni vegna þessa að það hefði fellt á sökun hans. Enn er svo bætt í með því að fela andsvar Jóns Trausta Reynissonar, ritstjórar Stundarinnar, fyrir öðrum en Facebook-vinum ritstjórans, þegar hann gagnrýnir þennan málflutning forsætisráðherra.

Í þessu samhengi er ágætt að hafa í huga að blaðamaður The Guardian, John Henley, hefur skoðað skjölin, bent á að þau sýni hvernig viðskiptin gengu fyrir sig en hann tekur fram að ekkert bendi til þess að lög hafi verið brotin. Það staðfestir í raun að málið snýst fyrst og fremst um aðferðafræði og þöggunartilburði en það er ekki stjórnmalamanna að ákveða um hvað er fjallað og hvað ekki. Og á meðan aðferðafræði leyndarhyggjunnar er enn ríkjandi er ekki nokkur leið að koma málefnum að því það er eðli leyndarinnar að þjóna sérhagsmunum á kostnað þekkingar almennings. Að ræða málefni lands og þjóðar án réttra upplýsinga er eins og að reyna að tefla blindskák án þess að kunna mannganginn. Líkurnar á að eitthvað vitrænt komi út úr slíkum tilburðum eru hverfandi.

Leiðin að málefnalegri umræðu liggur um opna stjórnsýslu og að stjórnmalamenn geri hreint fyrir sínum dyrum. Gleymum því ekki að við erum að ganga að nýju að kjörborðinu á innan við ári vegna leyndarhyggju og sérhagsmuna umfram hagsmuni almennings og einstaklinga sem eiga um sárt að binda af völdum úreltra laga og vondrar stjórnsýslu. Framtíðin er þeirra sem hafa ekkert að fela.



Að ræða málefni lands og þjóðar án réttra upplýsinga er eins og að reyna að tefla skák án þess að kunna mannganginn.

Halldór



Frá degi til dags

Trump

Þeir sem hlýddu á ræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á stofnfundi Miðflokksins í gær geta vart hafa komist hjá því að merkja nokkur líkindi með ræðu hans og málflutningi Donalds Trump í aðdraganda forsetakosninganna í fyrra. Í því samhengi er ekki átt við málefnið heldur aðeins frásana sem nýttir voru. Forsetinn lofaði því að gera Ameríku framúrskarandi á ný og forsætisráðherraum fyrrverandi var mikið í mun að gera allt betra. Á leiðinni þangað mátti síðan gera ráð fyrir fjölmörgum sem vildu leggja stein í götu þeirra. Eru þá aðeins nefnd til sögunnar tvö dæmi af fjölmörgum. Aðferð Trumps virkaði vel vestan hafs. Nú er spurning hvernig hún mun koma til með að ganga á Íslandi.

Framboðið

Fyrstu sjónvarpskappæðurnar fyrir kosningarnar, sem fram fara eftir tæpar þrjár vikur, fóru fram í gær. Fulltrúar tólf flokka voru mættir í sjónvarpsal en jafn margir flokkar voru í boði í fyrra. Eins og gefur að skilja voru framboðin misvinsæl hjá kjósendum þá og sum féllu alls ekki í kramið. Minnstu framboðin láta það ekki stoppa sig og mæta ótraud til leiks á ný. Er það falleg sönnun þess að lögmál markaðarins gilda ekki um lýðræðið. joli@365.is

Var allt betra hér áður fyrr?



Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins



Ef þú getir valið einhvern tíma frá landnámi til að setjast að á Íslandi, hvaða tíma myndir þú velja?

Í aðdraganda þessara kosninga ber á því að allt of margir tala niður þann mikla árangur sem við Íslendingar höfum sameiginlega náð. Miklu máli skiptir að fram fari opin og heiðarleg umræða um framfarir í landinu, framfarir sem eiga að gera okkur stolt af því að vera Íslendingar.

Næst þegar við mætum neikvæðni og bölmóði um okkar góða land ættum við að spyrja:

Ef þú getir valið einhvern tíma frá landnámi til að setjast að á Íslandi, hvaða tíma myndir þú velja?

Hvenær var langlífi meira, heilbrigðiskerfið betra eða geta okkar ríkari til að glíma við sjúkdóma, halda úti þættriðnu velferðarneti og hjálpa þeim sem á þurfa að halda?

Var áður auðveldara að afla sér þekkingar og nýta hana hér eða erlendis? Hvenær var menning í samfélagi okkar blómlegri, menntakerfið sterkara eða betra að ala upp börn?

Veltum fyrir okkur ástandi auðlindanna, stöðu fiskistofnanna í hafinu og þeirri þekkingu sem við búum nú yfir til að nýta orku fallvatna og hitann í iðrum jarðar til verðmætasköpunar með sjálfbærum hætti.

Höfum við lifað aðra tíma þar sem jafnrétti var meira eða frelsi einstaklingsins? Hafa samgöngur í landinu áður verið greiðari, tæknin fullkornari eða tengingar landsins við umheiminn?

Vorum við áður í betri stöðu til að leggja af mörkum til þeirra sem búa á stríðshraðum svæðum, glíma við fátækt, hungursneyð eða ofsóknir?

Það er svo margt sem mælir með því að við mætum að vera stoltari af þeim árangri sem þjóðin hefur náð.

Væri ég spurður um það hvaða tíma ég myndi velja frá landnámi til að stofna fjölskyldu, búa og starfa á Íslandi veldi ég daginn í dag.

Við skipum okkur fremst meðal þjóða í lífskjörum og útlitið hefur aldrei verið betra. Verum jákvæð og bjartsýn. Gripum tækifærin.

12. október í 3 nætur

Frá kr. 44.995 m/morgunmat

Síðustu sætin!

Helgarferð til LJUBLJANA

Heimsferðir

Góða ferð

Í DAG



Kári Stefánsson

Ópið bréf til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar.

Sigmundur Davíð, það var nokkuð skondið viðtalið að við værum nægilega þúkalegir í sjálfum okkur þótt það væri ekki verið að bjóða upp á þann möguleika að bera okkur saman við þetta.

Síðan tók ég eftir því að pilturinn valdi ekki endilega spurningar í þeim tilgangi að láta þér líða vel. Það er alltaf betra þegar spýrlarnir velja þægilegar spurningar og væri ekkert á móti því að setja ný lög um ríkisútvarpið þar sem þeir yrðu skilkaðir til þess að gera það, alltaf. Það væri svolítið í anda þess þegar lærifaðir þinn Jónas frá Hriflu lét setja lög um samræmda stafsetningu. Það er að vísu alltaf sá möguleiki fyrir hendi að kverúlantarnir bregðist við slíku með tónum leiðindum eins og þegar fánaberi þeirra á sínum tíma, Steinn Steinarr, samdi ljóðið Samræmt göngulag fornt, sem svar við stafsetningarbrótti Jónasar.

Spurning spjatrungsins sem þú áttir greinilega erfiðast með var hvaðan kröfur í íslensku bankana sem þið hjónin áttuð hefðu komið.



Ég held að það væri í samræmi við hefð að kalla þann glæp sem sitjandi forsætisráðherra fremur gegn hagsmunum þjóðar sinnar landráð. En kannski er það of djúpt í árinna tekið og kannski ættum við bara að kalla þetta slys sem átti sér stað vegna þess að þú varst of upptekinn við að stjórna landinu.

Svar þitt sem er í raun réttir ekkert svar hljómaði svona:

„Allar þessar kröfur eru kröfur sem eru í eðli sínu eins og kröfur alls þess fólks sem átti peninga í bönkunum fyrir hrún.“

Ég er ekki í nokkrum vafa um það Sigmundur Davíð að þú veist að þetta er steyppa. Fólkið sem átti peninga í bönkunum fyrir hrún eignaðist ekki kröfur í protabú bankanna við hrúnið. Þeir sem eignuðust kröfur í protabú bankanna voru þeir sem tóku þótt í fjármögnun þeirra á annan máta en með því að eiga í þeim sparifé. Fyrir hrún voru þessar kröfur nær alfarið í eigu stórra stofnana og peningamarkaðssjóða. Það var ekki fyrr en undir það síðasta, rétt fyrir fall bankanna, að farið var að selja kröfurnar á spottpris og lítil eignarhaldsfélög eins og Wintris fóru að kaupa þær. Eftir hrún voru þær svo á útsölu og hljóta að hafa verið góð kaup þeim sem tóldu sig vita hvernig íslensk stjórnvöld



myndu halda á málum, að maður tali nú ekki um þá sem reðu því.

Sem forsætisráðherra barst þú endanlega ábyrgð á þeim samningum sem voru gerðir við kröfuhafana og lést samt engan vita að þú værir einn af þeim. Þú varst beggja vegna borðsins í þeim samningum. Þótt við göngum út frá því sem vísu að kröfurnar sem þú áttir hafi ekki haft áhrif á það hvernig þú tókst afstöðu til samninganna, þá er það samt síðlaus glæpur að upplýsa ekki þjóðina um þennan eignarhlut.

Ég held að það væri í samræmi við hefð að kalla þann glæp sem sitjandi forsætisráðherra fremur gegn hagsmunum þjóðar sinnar landráð. En kannski er það of djúpt í árinna tekið og kannski ættum við bara að kalla þetta slys sem átti sér stað vegna þess að þú varst of upptekinn við að stjórna landinu.

Án tillits til þess hvora nafngiftina við kjósum þá held ég að sú staðreynd að þú varst einn af kröfuhöfnum sem þú varst að semja við fyrir okkar hönd geri það að verkum að við viljum þig ekki nálægt Alþingi og fyndist eðlilegt að þú flyttist til Panama þar sem þú gætir endað hvert einasta kvöld á því að dansa vangadans við meyjuna Wintris, sem virðist hafa farið með þig eins og Eva fór með Adam í aldingaröðinum forðum daga. Góða ferð.

Fyrsti 1001 dagurinn: Ungbörn geta ekki beðið!



Anna María Jónsdóttir
geðlæknir

1001 hópurinn er hópur fagfólks frá ýmsum stofnunum samfélagsins sem láta sig velferð ungbarna varða. Hópurinn vinnur að því að fá þingmenn úr öllum stjórnmalaflokkum til að skrifa undir stefnuvæðingu um að efla geðheilbrigðisþjónustu við ungbörn og fjölskyldur þeirra á öllum þjónustustigum heilbrigðiskerfisins fyrsta 1001 daginn í lífi barns (frá getnaði að tveggja ára aldri).

Hópurinn skipa fulltrúar frá Barnaverndarstofnu, Barnaheillum, Embætti landlæknis, Geðsviði Landspítala, Geðverndarfélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Miðstöð foreldra og barna, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands og Þerapeiu, meðferðarstofnun og foreldrum ungbarna. Verndari verkefnisins er forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson.

Hópurinn hefur undirbúið vitundarvakningu um mikilvægi fyrsta 1001 dagsins í lífi ungbarns, sem hefst á alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn. Vitundarvakningin stendur yfir næstu viku og lýkur með ráðstefnunni Börnin okkar á vegum Geðhjálpar þann 17. október.

Hvað er svona merkilegt við fyrsta 1001 daginn? Á þeim tíma verður gríðarlegur vöxtur á heila ungbarnsins með fjölgun heilafruma og myndun taugafrumtengsla. Þetta tímabil skiptir sköpum varðandi þroska mikilvægra eiginleika og skynjunar s.s. sjónar, heyrnar, tilfinningastjórnunar, málþroska og félagslegrar færni.

Heilaproskinn er háður samskiptum ungbarns við umönnunaradila og hvernig svörum og umönnun barnið fær. Á þessu tímabili verða til vanabundin viðbrögð við aðstæðum, t.d. við hverju barnið býst frá öðru fólki. Þannig á reynsla barnsins á þessum tíma mikinn þátt í að móta kjarnaviðhorf þess til sjálfs sín og annarra.

Samskipti eins og snerting, augn-

samband, gagnkvæmt hjál og leikur eru leiðir til að ná til barnsins og hafa áhrif á líðan þess. Temprun tilfinninga barnsins er mjög mikilvæg út frá lífeðlisfræðilegu sjónarmiði og hefur mikil áhrif á líkamlega þætti s.s. hjartslátt, streituhormón, vellíðunarhormón og boðefni í heilanum.

Ef foreldrar glíma við streitu, áföll, geðrænan eða tilfinningavanda getur það haft neikvæð áhrif á næmi þeirra til að lesa í merki ungbarnsins og svara því á viðeigandi hátt. Slíkt er mjög streituvaldandi fyrir ungbarn. Barn sem býr við langvarandi streituástand getur þróað með sér tilfinningavanda og síðar hegðunar- og heilsufarsvanda ef ekkert er að gert.

Parfir ungbarna og foreldra hunsaðar

Að verða foreldri er eitt af stærstu þroskaverkefnum lífsins. Ungbörn og foreldrar þeirra eru viðkvæmur hópur en því miður er margt í okkar samfélagi og heilbrigðiskerfi sem veldur því að þarfir þessa hóps eru hunsaðar og vanræktar. Það er samfélaginu dýrkeypt.

Skýrsla frá London School of Economics upplýsir um þann kostn-

að sem hlýst í samfélaginu ef ekki er veitt sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta við foreldra í fæðingarferli. Ef þessar tölur eru yfirfærðar á íslenskan veruleika kemur í ljós að 7 milljarða kostnaður verður til á hverju ári á Íslandi ef ekkert er gert. 70% af þeim kostnaði verða til vegna stuðnings og meðferðar sem barnið þarf í félags- og heilbrigðis- og skólakerfinu til 18 ára aldurs.

Til að fyrirbyggja þennan kostnað þarf að verja 230 milljónum á ári til að bæta meðgönguvernd í heilsugæslu og til sérhæfðar geðheilbrigðisþjónustu með þverfaglegu teymi.

Ég skora á íslenska stjórnmalamenn að taka höndum saman og eyrnamerkja fé á fjárlögum þessum málaflokki að fordæmi nágrannarþjóða okkar t.d. í Bretlandi og Noregi.

James Heckman, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur sýnt fram á að fjárfesting samfélags sem fyrst á ævi einstaklings skilar mestu til baka í formi sparnaðar í kerfinu og eykur auðlegð samfélagsins með virkari þátttöku þjóðfélagsþegna. Byggjum upp geðheilbrigðisþjónustu sem mismunar ekki eftir aldri!

Ungbörn geta ekki beðið!

KÆLI- OG FRYSTIDAGAR



FRÍ HEIMSENDING
Á ÖLLUM KÆLI- OG
FRYSTITÆKJUM
02-15 OKT.



Martin Lúther

10. nóv.1483 – 18. feb.1546

500 ára siðbótarafræmli 1517 - 2017

Þrjú fyrirlestrar og tvær kvikmyndir verða í boði á þriðjudögum í Loftsalnum, Hólshrauni 3, Hafnarfirði í október 2017.

Fyrirlesturinn 10. október kl. 20:00 verður um persónu, uppeldi, menntun og hina innri baráttu hins unga Lúthers í leit að friði og hamingju, hér og nú, og um alla eilífð.

Fyrirlesturinn 17. október kl. 20:00 fjallar um umbyltinguna miklu í huga og lífi Lúthers þegar hann finnur fagnaðarerindi Jesú Krists og loforð hans um eilíft líf þar sem réttlæti býr.

Fyrirlesturinn 24. október kl. 20:00 greinir frá Lúther sem „uppgötvara samviskufrelsisins“, sem er undirstaða allra mannréttinda. Við það breyttist framtíð mannkynsins svo um munaði.

Fyrri myndin verður sýnd 31. okt. kl. 20:00 og ber heitið **LÚTHER**. Þetta er afar vel leikin mynd með Joseph Fiennes í aðalhlutverki og Sir Peter Ustinov í aukahlutverki.

Seinni myndin verður sýnd 7. nóv. kl. 20:00. Titill hennar er: **Martin Lúther**. Hún fjallar um ævi Lúthers í stórum dráttum, en aðallega um hann sem boðbera samviskufrelsisins og áhrif þess á framvindu mannréttinda og lýðræðis. Viðmælendur eru þekktir prófessorar svo sem Oxford-prófessorinn Alister McGrath.

Björgvin Snorrason PhD í guðfræði flytur fyrirlestrana. Ókeyppis aðgangur. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða.



Aron Einar Gunnarsson og félagar í íslenska landsliðinu eru klárir í bátana fyrir leikinn mikilvæga gegn Kósovó. Sigur kemur Íslandi á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vanir þessum úrslitaleikjum

Aron Einar Gunnarsson leikur sinn 75. landsleik þegar Ísland tekur á móti Kósovó í kvöld. Fyrirliðinn er klár í slaginn. Hann segir að íslenska liðið sé komið með mikla reynslu af úrslitaleikjum sem þessum.

FÓTBOLTI Aron Einar Gunnarsson hefur glímt við meiðslu að undanfögnu en lék fyrstu 65 mínúturnar í sigrinum frækna á Tyrklandi á föstudaginn. Landsliðsfyrirliðinn segist vera í góðu ásítkomulagi og klár í bátana fyrir leikinn mikilvæga gegn Kósovó í kvöld.

„Staðan er mjög góð. Ég er stífur eins og gerist þegar maður er ekki búinn að æfa eða spila í tvær vikur. Ég náði góðri endurheimt í gær og hlakka til að undirbúa leikinn gegn Kósovó,“ sagði Aron Einar í samtali við Fréttablaðið í gær. Íslensku leikmennirnir séu komnir aftur niður á jörðina eftir sigurinn á Tyrkjum.

„Já, við höfum verið í þessu svolengi og erum vanir þessum úrslitaleikjum. Þetta er það reynslumikill og góður hópur að við vitum hvað þarf að gera. Þetta er bara annað verkefni, næsta skref sem við þurfum að taka og við gerum það saman,“ sagði Aron Einar.

Þetta er í þriðja sinn á síðustu árum sem Ísland er í stöðu til að tryggja sér annaðhvort sæti á stórmóti eða sæti í umspili. Haustið 2013 tryggðu Íslendingar sér sæti í umspili um sæti á HM 2014 með því að gera jafntefli við Norðmenn. Tveimur árum síðar tryggðu strákarnir okkar sér farseðilinn á EM í

Frakklandi með markalausum jafntefli við Kasakstan. Íslenska liðið hefur því reynslu af svona leikjum.

„Það eru ekki bara þessir leikir. Þetta eru búnir að vera úrslitaleikir síðustu þrjú ár þannig að við höfum ágæta reynslu af svona leikjum. Við þurfum bara að vera skipulagðir, spila okkar leik og passa að fara ekki fram úr okkur,“ sagði Aron Einar.

Líkt og landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson talar Aron Einar af mikilli virðingu um Kósovó, sem er yngsta landslið Evrópu og er að taka þátt í sinni fyrstu undankeppni. Ísland vann fyrri leikinn gegn Kósovó, 1-2, en þurfti að hafa

mikið fyrir þeim sigri.

„Það sást að þetta var ekki auðveldur leikur fyrir okkur. Það hefur verið stífgandi í þeirra leik og það ber að varast. Við þurfum að eiga góðan leik til að klára þetta lið,“ sagði Aron Einar sem viðurkennir samt að íslenska liðið sé í kjörstöðu; að þurfa „bara“ að vinna neðsta lið riðilsins til að komast á HM.

„Við hefðum alltaf tekið þessa stöðu. Það góða er að þetta er í okkar höndum og við þurfum ekki að treysta á neina aðra. Við þurfum bara að klára okkar verkefni og mæta þeim af krafti.“
ingvithor@365.is

Nýjast

Olís-deild karla

Fjölnir - ÍBV 27-27

Markahæstir: Kristján Örn Kristjánsson 5, Sigfús Páll Sigfússon 5, Björgvin Páll Rúnarsson 4 - Theodor Sigurbjörnsson 7/3, Röbert Aron Hostert 6, Kári Kristján Kristjánsson 5.

Gróttá - Stjarnan 24-25

Markahæstir: Maximilian Jonsson 13/2, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 5 - Garðar B. Sigurjónsson 7/2, Andri Hjartar Grétarsson 6, Egill Magnússon 4.

Olís-deild kvenna

Stjarnan - Valur 26-27

Markahæstar: Raket Dögg Bragadóttir 6/2, Brynhildur Kjartansdóttir 5, Sólveig Lára Kjærnested 5 - Diana Satkauskaitė 7, Kristin Arndis Ólafsdóttir 4/4, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 4.

Domino's deild kvenna

Keflavík - Valur 85-93

Stigahæstar: Thelma Dís Ágústsdóttir 18, Brittany Dinkins 18/8 stoðsendingar - Alexandra Petersen 31/9 fráköst, Elin Sóley Hrafnkelsdóttir 27/12 fráköst/5 stoðs.

Stjarnan - Breiðablik 79-65

Stigahæstar: Danielle Rodriguez 31, Sýlvía Rún Hálfðánardóttir 11/11 fráköst - Söllilja Bjarnadóttir 22, Auður Íris Ólafsdóttir 13, Telma Lind Ásgeirsdóttir 13.

Haukar - Njarðvík 67-28

Stigahæstar: Helena Sverrisdóttir 16/14 fráköst/7 stoðsendingar, Cherise Daniel 12/8 fráköst - María Jónsdóttir 12/8 fráköst.

Skallagrím. - Snæfell 73-84

Stigahæstar: Carmen Tyson-Thomas 25/12 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 20/8 fráköst - Kristen McCarthy 53/14 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 15/5 stoðs.

Domino's-deild karla

Grindavík - Þór Þ. 106-105

Stigahæstir: Rashad Whack 26/10 fráköst, Ólafur Ólafsson 22/8 fráköst, Sigurður Þorsteinsson 18/12 fráköst - Jesse Pellot-Rosa 32/9 fráköst, Emil Karel Einarsson 28, Ólafur Helgi Jónsson 19.

Í dag

18.35 Úkraína - Króatía Sport
18.35 Finnland - Tyrkland Sport 2
18.35 Wales - Írland Sport 3
20.20 Haukar - Fram Sport 4
20.45 HM markasýrpa Sport
22.00 Ísland - Kósovó Sport



FJÁRÖFLUN FRAMUNDAN?

Í Rekstrarlandi fást flottir fjáröflunarpakkar, tilbúnir eða sérsníðnir eftir óskum. Úrval af hreinsivörum, pappírvörum, plastpokum og álpappír. Gæðavörur sem nýtast vel og gaman er að selja.



Innovation
that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI

NISSAN JUKE ACENTA

SJÁLFSKIPTUR / 117 HESTÖFL / EYÐSLA 6,0 L/100 KM*

3.350.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEDAL ANNARS:

Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftprúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílastólafestingar, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 17" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórásæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), akstursthólva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Nýjast

Undankeppni HM 2018

A-riðill

Búlgaría - Frakkland 0-1

0-1 Blaise Matuidi (3.).

Hvíta Rússland - Holland 1-3

0-1 Davy Propper (24.), 1-1 Maksim Volodjko (55.), 1-2 Arjen Robben, viti (84.), 1-3 Memphis Depay (90+3.).

Svíþjóð - Lúxemborg 8-0

